

Mol. 15. júní 1915

# Læknir.

II.

I grein minni síðast var þess getið, að orðið læknir kynni að vera afbakað úr leiknir, sá sem leikinn er eða æfður, eða lagnir, sá sem er laginn. En réttara þykir mér að bæta því við, að verið getur að orðið sé alls ekki íslenzkt (norrvænt) að uppruna, heldur grískt, eins og nafnið á Hlinik kóngssyni líklega er, (Hellenik) ævintýrið kynni að hafa komið hingað með Íslendingum sem verið höfðu Væringjar í Miklagarði, af lachanon, (jurt). Til er á grísku orðið lachaneros, sem gæti þýtt: sá sem þekkir grös, og kann að nota þau til lækninga; á latinu er orðið lachanizore haft um að vera sjúkur; líkl.: eta. grös við veikindum.

Það kynni að styðja þessa tilgátu, að á einhverri fornþýzku kvað læknir vera lachanara. Að orðin prestur og biskup eru útlend að uppruna, eins og fleiri sem kristindómnum fylgdu, er alkunnugt.

Að fá menn til að hugsa um orð er nyttsamlegt, og æfir skilninginn. Og sumt er auðvelt að sjá um uppruna orða, eins og t. a. m. að skjóttur er orðið til úr skyjóttur og fjós úr félus. En sumt er aftur mjög vandasamt.

5. júní.

Helgi Pjeturss.

# Brauðin.

Rúgbrauðin hér í bænum, þau sem eg hefi komist í kynni við, eru verri en svo að takandi sé með þögn og þolinmæði. Er nú öldin önnur í þeim eftum, heldur en þegar Carl heitinn Frederiksen stóð hér fyrir bakarfi. Á þessi bær honum að þakka mikilsverðar umbætur á brauðvöru. Brauðin hér minna mig á það, að þegar eg var í Kristjaníu fyrir ekki allfáum árum, hafði nýlega farið þar fram, að tilhlutun yfirvalda, rannsókn á bakaríum borgarinnar; 80 minnit mig bakarín væru, en þrjú ein gerðu vörur sínar svo út garði, að skoðunarmenn gætu látið sér vel líka. Það skiftir almenning miklu hvort sérstaklega rúgbrauðið er gott eða ekki, og er nauðsyn að vakið sé máls á þessu. Ef til vill mundi það borga sig að halda við og við sýningar á brauðum, þó að bærinn hefði kostnað af þeim sýningum, en ekki bakararnir. Og vist er um það, að þeir sem gerðu brauðin og sérstaklega rúgbrauðin, eins góð og þau geta orðið, væru bæði lofs og launa verðir fyrir.

29. 5.

Helgi Péturss.